

# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1966

31. janúar 1966.

1

Nr. 1.

## L Ö G

### um leigubifreiðar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 2. gr. laga nr. 52 18. maí 1965, um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, svo og lög nr. 29 14. maí 1958, inn í lög nr. 40 29. maí 1957 og gef þau út svo breytt:

#### 1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

Ráðuneytinu er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögमतan hátt stunda leigubifreiðakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar löggin taka gildi. Samgöngumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun. Strætisvagnar og sérleyfishafar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

#### 2. gr.

Leyfi til leigubifreiðaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

A 1

Nr. 1.

2

31. janúar 1966.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

*Gjört að Bessastöðum, 31. janúar 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

Nr. 2.

19. janúar 1966.

## AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands

Forseti Íslands hefur hinn 15. þ. m. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í 41. gr. B. í stað „Meðaltal einkunna í greinum b—e telst ein einkunn“ komi: Meðaltal einkunna í greinum b—e telst tvöföld einkunn.

2. gr.

Í 44. gr. komi nýr töluliður: 16. Barnatannlækningar. Kennslan er verkleg og munnleg.

3. gr.

Í 45. gr. 2. tl. í stað „þremur misserum eftir að nám er hafið“ komi: einu misseri eftir fyrsta hluta próf. 3. og 4. tl. verði 2. og 3. tl., en 2. tl., sem nú er, verði 4. tl. og verði hluti af öðrum hluta kandidatsprófs. Aftan við 5. og 6. tl. komi: prófið er munnlegt. Málsgreinin „Próf í öðrum hluta . . .“ orðist: prófgreinar í öðrum hluta eru þessar. Þá komi nýr töluliður: 15. Barnatannlækningar. Prófið er munnlegt og verklegt.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1966.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

---

*Knútur Hallsson.*

Nr. 3.

22. janúar 1966.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 86. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 7. febrúar 1966, kl. 14.00.

*Gjört í Reykjavík, 22. janúar 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*